

Deildin okkar, Lundur, er nýjasta deildin á Norðurbergi. Þar dvelja elstu börn leikskólans samtals fjörutíu. Nafnið Lundur er dregið af þeim stað sem húsið er staðsett á, fallegur lundur umlukinn trjágróðri og hrauni.

Húsið sjálft var byggt árið 2008 og flutt á svæðið norðvestan við aðalbyggingu leikskólans í maí 2009, þar sem áður var opið svæði með rólum, ruggum og sandkassa ásamt góðum grasvelli.

Á ógirtri lóðinni erum við umlukin trjám og hraunborgum á nokkra vegu sem við nýtum óspart til að auka fótafimi og þor, en stundum fer allur hópurinn, 40 börn alls, yfir í garðinn við Tröllagil eða í Miðgarð, sem við þekkjum svo vel frá fyrri árum.

Herbergin í Lundi eru 5; Aspalundur, ásamt listasmiðjunni Víðilundi og kubbaherbergið Grenilundur eru hægra megin í húsinu, en Birkilundur og dúkkuherbergið Reynilundur til vinstri handar. Öll rýmin draga nöfn sín af þeim gróðri sem við sjáum út um gluggana á hverjum stað.

Rósalundur, eldhúsið okkar, þar sem morgun-og hádegisverður er snæddur og anddyrið heitir Skógarlundur eru í miðjunni og tengja stóru rýmin saman.

Í Rósalundi fer einnig fram "búleikni" sem felst í aðstoð við matarundirbúning, frágangi á þvotti, sendiferðum og m.fl.

Margt er nú brallað í Lundi, enda kraftmikið og kátt smáfólk sem þar dvelur lungann úr deginum. Við púslum, spilum, teiknum, málum, ræktum, klippum, saumum, lesum, skoðum bækur, kubbum, förum í hlutverkaleiki, syngjum, hlustum, þerlum og m.fl. Þegar við dveljum inni, en ærslumst, príllum, klifrum, rólum, rennum, spörkum bolta, förum í snú, snú og ýmsa leiki, moltum, göngum, hlaupum og fjölmargt annað skemmtilegt gerum við utan dyra.

Ennfremur fara börnin í Lundi í ýmsar kynnisferðir á stofnanir og staði, sem og í náttúruskoðunar-og rannsóknarferðir og oft fáum við líka góða gesti til okkar í heimsókn til fræðslu og skemmtunar.

Þá eru fastar ferðir, markviss útikennsla, út í "Hraunið okkar", í nágrenni Hrafnistu, einu sinni í viku, flokkun til endurvinnslu ásamt moltugerð, gróðursetning matjurta og umhirða þeirra og lóðarinnar einnig fastur liður í útiverunni.

Við eru líka með segldúka sem við stengjum milli trjáanna, í lóðinni, svo þar myndast skjól fyrir regni og snjókomu. Þar sitjum við á trjádrumbum í útikennslu og getum líka leikið okkur þar. Ennfremur höfum við útbíð hljóðfæri úr greinum, drumbum og dollum sem hanga neðan úr trjánum. Eldstæðið okkar er mjög spennandi en það var hlaðið haustið 2011 og þar kveikjum við varðeld, syngjum og spjöllum, hitum drykki, grillum sykurpúða ofl. Við ætlum okkur stóra hluti í framtíðinni þegar við höfum eignast pott og pönnu!!

Skógarferðir í Höfðaskóg við Hvaleyrarvatn eru orðnar ómissandi þáttur í útikennslu og starfi útskriftarbarna og enda þau dvöl sína á Norðurbergi með tjaldútilegu á því svæði.

Barnahóparnir í Lundi bera fuglanöfn; elsti hópurinn kallast Þrestir, yngri hóparnir heita Lóur og Spóar (líka Krummar og Rjúpur ef hóparnir þurfa að vera margir.

Allt starfið í Lundi og námið þar er góður undibúningur fyrir framtíðina sem enginn veit hvað ber í skauti sér. Við göngum út frá því að lífið sé leikur og reynum að mæta því með jákvæðu hugarfari.

Við viljum að mömmur og pabbar finni að þau eru velkomin í Lund og gefi sér stundum tíma til að staldra við og fylgjast með lífinu í leikskólanum. Þess vegna bjóðum við upp á kaffi alla morgna við morgunverðarborðið!!

Svona er nú lífið í Lundi!!

